



## FUNDARGERÐ 499. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 18. júní 2024. Fundurinn er settur klukkan 08:00. Fundurinn er fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fjarfund:** Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fjarfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Nýr stjórnarmaður

Gunnar Valur Gíslason, bæjarfulltrúi í Garðabæ, hefur verið kjörinn fulltrúi Garðabæjar í stjórn SORPU og tekur sæti á þessum fundi. Margrét Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ, hefur auk þess verið kjörinn varamaður í stjórn SORPU.

#### 2. Endurskoðun gjaldskrár

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir ferli við ákvörðun reglubundinna gjaldskrárbreytinga.

Stjórn samþykkir að hækka gjaldskrár SORPU frá og með 1. júlí næstkomandi um 3,5%.

Stjórn samþykkir nýjan lið í gjaldskrá SORPU fyrir móttöku á textíl í móttöku- og flokkunarstöð frá og með 1. júlí. Textíll kostar 30 krónur auk virðisaukaskatts.

#### 3. Málefni endurvinnslustöðva

Stjórn ræðir málefni endurvinnslustöðva SORPU.

#### 4. Önnur mál

Framkvæmdastjóri og samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gera grein fyrir svari við fyrirspurn umboðsmanns Alþingis vegna gjaldskrár SORPU.

### Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 1. júlí klukkan 08:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:32.



Umboðsmaður Alþingis  
b.t. Vilhelmínu Óskar Ólafsdóttur  
Sent með tölvupósti

Reykjavík 14. júní 2024

Með bréfi umboðsmanns Alþingis, dags. 29. apríl 2024, óskaði umboðsmaður eftir því að SORPA bs. (SORPA) upplýsti um hvort að sú gjaldskrá sem samlagið starfaði eftir hefði verið birt í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 (MÚL) og ef svo væri ekki væri óskað skýringa á því. Þá óskaði umboðsmaður nánari upplýsinga um innheimtu SORPU á gjaldi fyrir meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs og skýringa á því hvernig hún samrýmdist VII. kafla MÚL, einkum 1. mgr. 44. gr. laganna.

Meðfylgjandi er að finna umbeðin svör og upplýsingar SORPU.

- 0 -

- 1) SORPA er byggðasamlag sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem hefur þann tilgang skv. gildandi stofnsamningi, dags. 1. janúar 2007, að annast meðhöndlun úrgangs skv. MÚL fyrir aðildarsveitarfélögin.
- 2) Aðdraganda stofnunar SORPU má rekja allt til ársins 1984. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, sem þá voru átta, settu á laggirnar sérstakan verkefnishóp sem hafði það hlutverk að leita framtíðarlausna í urðunarmálum fyrir svæðið í heild sinni. Niðurstöðu var skilað árið 1987, en með því var lagður grunnur að stofnun Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs. sem hóf starfsemi í upphafi ársins 1988 með rekstri urðunarstaðar á Álfsnesi í Reykjavík. Móttaka spilliefna, sem einnig var mjög aðkallandi að koma í betri farveg, hófst svo árið 1990 og formleg starfsemi SORPU bs. hófst þann 26. apríl 1991 þegar móttöku- og flokkunarstöðin í Gufunesi var tekin í notkun.
- 3) Í dag á og rekur SORPA móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi, gas- og jarðgerðarstöð á Álfsnesi og urðunarstað á Álfsnesi.



- 4) Sveitarfélögin sem standa að samlaginu annast hvert fyrir sig söfnun og flutning heimilisúrgangs frá heimilum<sup>1</sup> í sínum lögsagnarumdæmum hvert fyrir sig. Sum þeirra ráða verktaka til verksins en önnur framkvæma þessa þjónustu sjálf með eigin tækjum og mannafla. Auk þess reka sveitarfélögin fyrir eigin reikning grenndargáma og endurvinnslustöðvar sem að meginstefnu taka við heimilisúrgangi frá heimilum. SORPA annast rekstur gáma og stöðva fyrir sveitarfélögin skv. sérstökum samningi.
- 5) Um skyldu sveitarfélaga til meðhöndlunar úrgangs er fjallað í MÚL. Í 1. mgr. 8. gr. laganna segir að „Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir“. Við framkvæmd laganna hefur þetta ákvæði verið túlkað þannig að sveitarfélög hafi skyldu til að annast söfnun og flutning heimilisúrgangs frá heimilum en þurfi einungis að tryggja að farvegur sé fyrir hendi fyrir frekari meðhöndlun úrgangs. Talið hefur verið fullnægjandi að sveitarfélag geti bent á móttöku- og flokkunarstöðvar sem reknar eru af einkaaðilum, enda er einkaaðilum heimilt að sækja um starfsleyfi til slíks rekstrar, sbr. 14. gr. MÚL.
- 6) Í 2. mgr. 23. gr. MÚL er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til þess að innheimta gjald vegna allrar þjónustu við meðhöndlun úrgangs eins og nánar er kveðið á um í ákvæðinu. Þá er kveðið á um það í 4. mgr. að sveitarfélagi sé heimilt að ákveða stjórn byggðasamlags að ákveða framangreint gjald og skal sveitarfélag eða viðkomandi byggðasamlag birta gjaldið í gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Framangreind gjaldtaka lýtur þeim almennum reglum sem gerðar eru til töku þjónustugjalda stjórnvalda.
- 7) Aðildarsveitarfélög SORPU ákveða og leggja á samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins gjöld vegna flutnings heimilisúrgangs og þjónustu sem veitt er með grenndargámum og endurvinnslustöðvum hvert fyrir sig árlega sem birtar eru í B – deild Stjórnartíðinda. Hvert aðildarsveitarfélag SORPU setur því árlega gjaldskrá sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda.<sup>2</sup> Ekkert aðildarsveitarfélag SORPU hefur hins vegar framselt til samlagsins stjórnarsýsluvald til þess að ákvarða gjald skv. 2. mgr. 23. gr. MÚL sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda samkvæmt 4. mgr. ákvæðisins.

---

<sup>1</sup> Skv. ákvæði 3. gr. MÚL getur heimilisúrgangur átt sér annan uppruna en hjá heimilum ef hann er svipaður að eðli og samsetningu úrgangi frá heimilum. Sú hefur virðist hafa skapast að sveitarfélög safna og flytja einungis heimilisúrgang frá heimilum.

<sup>2</sup> Sjá hér í dæmaskyni: Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg nr. 1280/2023 (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=dbef664c-09d6-49a3-b424-5fd567c02f18>),

- 8) Starfsemi SORPU telst aftur á móti „efnahagsleg starfsemi“ sem fellur undir samkeppnislög. Var þessu slegið föstu með dómi Hæstaréttar í máli nr. 273/2015 (SORPA gegn Samkeppniseftirlitinu).<sup>3</sup> Starfsemi SORPU að þessu leyti þ.m.t. rekstur endurvinnslustöðva telst því vera efnahagsleg starfsemi sem fellur undir samkeppnislög og sem jafna má við einkaréttarlega starfsemi. Aftur á móti er ákvörðun gjaldtöku vegna meðhöndlunar úrgangs og söfnun heimilisúrgangs lögbundnar skyldur sveitarfélaga sem fellur hvorki undir samkeppnislög heldur telst hún til starfsemi stjórnvalda og gjaldtaka hennar lýtur skráðum og óskráðum reglum stjórnsýsluréttar. Aðildarsveitarfélög SORPA hafa hins vegar ekki framselt til SORPU stjórnsýsluvald eða lögbodnar skyldur samkvæmt MÚL.
- 9) Þannig tekur SORPA á móti þeim heimilisúrgangi sem aðildarsveitarfélögin safna saman hvert í sínu lögsagnarumdæmi á grundvelli skyldna sinna á grundvelli 8. gr. MÚL, eða sem til fellur á grenndar- og endurvinnslustöðvum. Aðildarsveitarfélögin greiða SORPU fyrir móttækinn heimilisúrgang sem þannig fellur til á grundvelli gjaldskrár sem SORPA setur. Kostnaður sem aðildarsveitarfélögin greiða til SORPU á þessum grundvelli, þ.m.t. rekstrarkostnaður grenndargáma og endurvinnslustöðva, liggur síðan til grundvallar þeim gjaldskrár sem sveitarfélögin setja samkvæmt ákvæði 2. mgr. 24. gr. MÚL sem að framan er rakin.
- 10) Framangreindar gjaldskrár sveitarfélaganna sem að SORPU standa eru byggðar þannig upp að árlega sendir SORPA áætlun um raunkostnað meðhöndlunar úrgangs og annarra þátta sem samlaginu hafa verið falin framkvæmd á af hálfu sveitarfélaganna sem að samlaginu standa, byggða á niðurstöðu næstliðins árs og ætluðum umsvifum þess næsta. Er þessi áætlun lögð til grundvallar að gjaldskrá sveitarfélaganna, auk áætlaðs kostnaðar við ílát, söfnun og flutning. Gjaldskrár sveitarfélaganna innheimta árgjald fyrir mismunandi ílát og árlegt endurvinnslustöðvagjald.
- 11) Innheimta aðildarsveitarfélaga SORPU á sorphirðu og endurvinnslustöðvargjöldum skv. auglýstri gjaldskrá stendur því alfarið undir kostnaði af söfnun heimilisúrgangs frá heimilum. Hvort sem honum er skilað í tunnu við heimili, í grenndargám eða á endurvinnslustöð. Til nánari glöggvunar nær hugtakið heimilisúrgangur skv. skilgreiningu í 3. gr. MÚL til „*blandaðs úrgangs frá heimilum og úrgangs frá heimilum sem er sérstaklega safnað, þ.m.t. pappírs og*

---

<sup>3</sup> **Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 69/2007 (Blátunnumálið)** Í málinu hafði Reykjavíkurborg hafist handa við að bjóða íbúum sveitarfélagsins að endurvinna tiltekna úrgangsflokkum í bláum endurvinnslutunnum, en annað fyrirtæki á einkamarkaði hafði fyrir boðið upp á þá þjónustu. Samkeppniseftirlitið komst að því að sú sorphirða og endurvinnsla sem fælist í hinum bláu tunnum teldist til lögbundinna verkefna sveitarfélaga. Stofnunin hefði þar með ekki grundvöll til íhlutunar í málinu. Þrátt fyrir það ítrekaði Samkeppniseftirlitið vísbendingar væru í málinu um að rekstur borgarinnar á bláu tunnunum raskaði samkeppni á markaði fyrir sorphirðu.



*pappa, glers, málma, plasts, lífúrgangs, timburs, textíls, umbúða, raf- og rafeindatækjaúrgangs, notaðra rafhlöðna og rafgeyma og rúmfreks úrgangs, þ.m.t. dýna og húsgagna... .. en þó ekki úrgangs frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, rotþróum, fráveitukerfum, þ.m.t. seyru, úr sér genginna ökutækja eða byggingar- og niðurrifsúrgangs“.*

- 12) Úrgangi sem ekki fellur undir framangreinda skilgreiningu á heimilisúrgangi, hvort sem honum stafar frá heimilum eða rekstraraðilum, er almennt skilað á móttöku- og flokkunarstöðvar og greitt fyrir hann eftir gjaldskrá viðkomandi stöðvar, sbr. 1. mgr. 23. gr. MÚL. Að því leyti sem slíkur úrgangur berst til endurvinnslustöðva sem sveitarfélögin sem standa að SORPU reka er innheimt fyrir hann gjald skv. gjaldskrá móttöku- og flokkunarstöðvar SORPU þangað sem úrgangurinn er fluttur. Almennt er rekstraraðilum ætlað að skila úrgangi beint til móttöku- og flokkunarstöðva.
- 13) Fyrir lögfestingu MÚL höfðu gildandi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit á hverjum tíma haft að geyma almenna heimild sveitarfélaga til að setja gjaldskrá þar sem fasteignaeigendum væri gert að greiða fyrir ýmsa þjónustu sem fram færi á grundvelli samþykktu sveitarfélaga. Slík gjaldskrá skyldi staðfest af ráðherra og vera birt í B-deild Stjórnartíðinda. Það ákvæði sem í gildi var þegar SORPA er stofnuð var 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- 14) Eins og fram er komið þá snerist starfsemi SORPU frá öndverðu um að tryggja heimilisúrgangi sem safnað var af hálfu sveitarfélaganna sem að samlaginu stóðu farveg. Fyrst með rekstri sameiginlegs urðunarstaðar og síðar með starfrækslu móttöku- og flokkunarstöðvar.
- 15) Með lögfestingu MÚL var heimild sveitarfélaga til innheimtu þjónustugjalda af fasteignaeigendum vegna söfnunar og meðhöndlunar sveitarfélagsins á heimilisúrgangi frá heimilum komið fyrir í 2. mgr. 23. gr. laganna. Sú gjaldskrá skal, eins og áður, birt í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 4. mgr. 23. gr. Þessu til viðbótar var lögfest með 1. mgr. 23. gr. laganna sú skylda allra rekstraraðila förgunarstaða, óháð því hvort þeir væru opinberir eða einkaréttarlegir lögaðilar, til að innheimta að lágmarki kostnaðarverð fyrir þjónustu við förgun úrgangs.
- 16) Að mati SORPU er ljóst að ákvæði 4. mgr. 23. gr. MÚL um birtingu gjaldskrár í B- deild Stjórnartíðinda tekur einungis til þess gjalds sem sveitarfélög innheimta á grundvelli heimildar í 2. mgr. ákvæðisins, eða eftir atvikum ef þau hafa framselt vald til slíkrar gjaldtöku til byggðasamlags sem þau standa að. Í ákvæði 23. gr. er fjallað um tvenns konar gjaldtöku

þ.e. annars vegar á grundvelli 1. og hins vegar 2. mgr. ákvæðins. Í ákvæði 4. mgr. um birtingu í B-deild Stjórnartíðinda er aftur á móti fjallað um „framangreint gjald“ í eintölu. Verður því ekki annað séð en að þessi skylda taki einungis til þeirra gjalda sem lögð eru á samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins. SORPA innheimtir ekki gjöld á grundvelli 2. mgr. heldur gera aðildarsveitarfélögin það líkt og að framan er rakið.

17) Ekki verður því séð að ákvæði 4. mgr. 23 gr. geti tekið til gjaldskrár SORPU í B-deild Stjórnartíðinda, enda er gjaldtaka samlagsins hvorki þjónustugjald sem stjórnvöld innheimta, né hefur SORPU verið framselt vald til þess að ákvarða og setja gjald samkvæmt 2. mgr. 23. gr. MÚL. Þvert á móti verður lýtur gjaldskrá SORPU ákvæði 1. mgr. 23. gr. laganna sem beinast að opinberum sem og einkarréttarlegum aðilum.

18) Skýrast fyrirmæli ákvæðis 1. mgr. 23. gr. um gjaldtöku rekstraraðila förgunarstaða af innleiðingu reglu sem á íslensku hefur verið kölluð „greiðslureglan“ en heitir á ensku „polluter pays principle“. Um innleiðingu þessarar reglu segir í greinargerð við frumvarp það sem varð að lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs í skýringum við 25. gr: „...*Gjaldtaka rekstraraðila vegna meðhöndlunar úrgangs skal standa undir kostnaði við förgun úrgangsins. Ákvæðið tekur mið af 10. gr. tilskipunar um urðun úrgangs. Greinin gerir þær kröfur að gjald sem rekstraraðili urðunarstaðar tekur fyrir förgun hvers kyns úrgangs á urðunarstað skuli nægja fyrir uppsetningu og starfrækslu urðunarstaðarins, áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunarinnar í a.m.k. 30 ár og, að svo miklu leyti sem hægt er, kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 15. gr. þessa frumvarps. Kröfur tilskipunarinnar eru í samræmi við svokallaða mengunarbótareglu, þ.e. PPP-regluna (e. polluter pays principle) sem er hluti af rétti Evrópusambandsins og er að finna sem markmið samningsaðila í 2. mgr. 73. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglan felur í sér að mengunarvaldur beri kostnað af mengun sem hann veldur...“.* Má af þessu ráða að þeir hagsmunir sem fyrirmælum 1. mgr. 23. gr. MÚL er ætlað að tryggja liggja einvörðungu í því að tryggja að rekstraraðilar förgunarstaða<sup>4</sup> innheimti a.m.k. raunkostnað af öllum þeim sem skila úrgangi til förgunar.

19) Þá er talið rétt að skilja ákvæði 1. mgr. 23. gr. MÚL í samhengi við þá löggjafarþróun að einkaaðilum er ætlað frelsi til rekstrar förgunarstaða og því nauðsynlegt að hnykkja sérstaklega á skyldu til gjaldtöku af hálfu rekstraraðila slíkra staða án þess að þeir séu skyldaðir til birtingar gjaldskráa sinna í B-deild Stjórnartíðinda. Er það eðlilegt í ljósi þess að

---

<sup>4</sup> Í 3. gr. MÚL er hugtakið „förgun“ skilgreint sem „hvers kyns aðgerð sem er ekki endurnýting, jafnvel þótt aðgerðin hafi að auki í för með sér endurheimt efna eða orku“.



starfsemin fer fram á samkeppnismarkaði og að nú er atvinnurekendum gert að annast sjálfum um söfnun og flutning úrgangs sem frá þeim stafar, m.ö.o. þeir velja sér þann rekstraraðila förgunarstaða sem þeim hentar best að versla við.

20) Í framkvæmd hefur SORPA innheimt gjald í samræmi við fyrirmæli í 1. mgr. 23. gr. MÚL af öllum sem leggja úrgang inn hjá samlaginu í móttöku- og flokkunarstöðina í Gufunesi, urðunarstaðinn á Álfsnesi eða í gas- og jarðgerðarstöðina á Álfsnesi. Gildir þetta jafnt um sveitarfélögin sem að samlaginu standa sem ótengda aðila.

## 21) Svar við fyrri hluta fyrirspurnar Umboðsmanns er því það:

a) að sveitarfélögin sem standa að SORPU birta gjaldskrá vegna innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs á þeirra vegum skv. fyrirmælum í 2. mgr. 23. gr. MÚL. Gjald þetta stendur undir kostnaði við alla söfnun heimilisúrgangs frá heimilum í lögsagnarumdæmum viðkomandi sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa ekki framsekt SORPU vald til þess að ákveða sorphirðugjald eða birtingu gjaldskrár vegna þess þrátt fyrir heimild til slíks í ákvæði 4. mgr. 23. gr. MÚL.. Rétt er að ítreka að sveitarfélögin hafa falið SORPU rekstur grenndargáma og endurvinnslustöðva í verktöku, eftir sem áður greiða sveitarfélögin raunkostnað af starfseminni með endurvinnslustöðvagjaldi.

b) SORPA ákveður a gjaldskrá með hliðsjón af fyrirmælum í 1. mgr. 23. gr. MÚL sem rekstraraðili förgunarstaða, en öll starfsemi SORPU fellur þar undir. Sú gjaldskrá byggir á raunkostnaði við mismunandi meðhöndlun úrgangs og tekur til úrgangs sem samlagið móttækur hvort sem hann kemur frá aðildarsveitarfélögum eða öðrum lögaðilum.

22) Skal þá vikið að síðari þætti fyrirspurnar umboðsmanns er varðar upplýsingar um innheimtu SORPU á gjaldi fyrir meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs og skýringa á því hvernig sú innheimta samræmist ákvæðum VII. kafla MÚL, einkum 1. mgr. 44. gr.

23) Gegn skýru ákvæði 1. mgr. 44. gr. MÚL verður ekki séð að SORPA hafi heimild til að innheimta gjald vegna móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Gildir þar einu hvort að um er að ræða lítinn eða stóran farm. Virðist því vera að hér sé um að ræða mistök í gjaldskrá samlagsins.

24) Við eftirgrennslan kom í ljós að í bókhaldi SORPU er ekki að finna neina færslu vegna innheimtu á gjaldi fyrir farm af raf- og rafeindatækjaúrgangi sem er yfir 2m<sup>3</sup>. Fyrirspurn umboðsmanns Alþingis hvað þetta varðar hefur því leitt til þess að samlagið hafin er vinna á vegum samlagsins að uppfæra gjaldskrá til samræmis við ákvæði 1. mgr. 44. gr. MÚL.



25) Málefnalegt kann að vera að beina stórum farmi, t.d. farmi sem er umfram  $2\text{m}^3$ , beint til móttöku- og flokkunarstöðva á starfssvæðinu, enda endurvinnslustöðvar þær sem SORPA rekur fyrir reikning sveitarfélaganna sem að samlaginu standa, ekki hugsaðar fyrir stóra farma af úrgangi. Eðli málsins samkvæmt hljóta að vera takmörk fyrir stærð þess farms heimilisúrgangs sem ætla má að komi frá almennu heimili.

**26) Svar við síðari hluta fyrirspurnar umboðsmanns er því eftirfarandi:**

Söfnunarstöðvum ber að taka við raf- og rafeindatækjaúrgangi gjaldfrjálst, skv. ákvæði 1. mgr. 44. gr. MÚL. Hafin er vinna á vegum samlagsins að leiðrétta gjaldskrá þannig að fellt verði út að sérstakt gjald sé innheimt fyrir farm af raf- og rafeindatækjaúrgangi sem er  $2\text{m}^3$  að umfangi eða stærri.. Þeim verður eytt svo fljótt sem auðið er en innheimta skv. þeim hefur aldrei farið fram.

- 0 -

Er það von undirritaðs að framangreint svari spurningum umboðsmanns með fullnægjandi hætti. Ef svo er ekki, þá telur SORPA sig hafa bæði rétt og skyldu til að bæta úr með því að setja fram frekari röksemdir og skýringar.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson  
framkvæmdastjóri SORPU bs.





**Frá:** Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

**Til:** Stjórnar SORPU bs.

**Efni:** Breytingar á gjaldskrá SORPU bs. 1. júlí 2024

14. júní 2024

## Breytingar á gjaldskrá SORPU bs. 1. júlí 2024

- Lagt er til að gjaldskrá SORPU hækki um 3,73% þann 1. júlí
- Nýr gjaldskrárlíður bætist við gjaldskrá SORPU 5. júní fyrir textíl á 30 krónur á kíló

Gjaldskrá SORPU bs. tekur breytingum tvisvar á ári; annars vegar 1. janúar og hins vegar 1. júlí. Meiriháttar breytingar á gjaldskrá eru að jafnaði gerðar á fyrsta degi árs og byggja á umfangsmikilli áætlunargerðarvinnu stjórnenda og starfsfólks SORPU. Breytingin 1. júlí tekur mið af breytingu á samsettri vísitölu launa- og byggingarkostnaðar í tilteknum hlutföllum.

Miðað við breytingu hennar ætti gjaldskrá SORPU að hækka um 3,73% þann 1. júlí næstkomandi til að tryggja að SORPA innheimti raunkostnað við meðhöndlun úrgangs eins og SORPU er skylt samkvæmt lögum.

Til skoðunar hefur verið hvort SORPU sé eftir sem áður skylt að hækka gjaldskrá um að hámarki 3,5% í samræmi við áskorun sviðstjóra þjónustusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS), frá 8. mars, þar sem segir meðal annars:

*„Við beinum því til sveitarstjórna að endurskoða gjaldskrárhækkunir sem tóku gildi um síðustu áramót er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Miða skuli við að hækkun þessa árs verði ekki umfram 3,5 %. Þá verði gjaldskrárhækkunum stillt í hóf eins og nokkur kostur er á samningstímanum.“*

Í síðara bréfi úr sama ranni frá 13. mars er eftirfarandi þó sérstaklega tilgreint:

*„Vert er að taka fram að ekki er átt við þær gjaldskrár sveitarfélaga sem lögum samkvæmt eiga að standa undir kostnaði við viðkomandi þjónustu eins og t.d. gjaldskrár um fráveitu, vatnsveitu og meðhöndlun úrgangs. Þá er ekki átt við endurskoðun á álagningu skatta þ.e. fasteignaskatts og útsvars.“*

Undirritaður telur SORPU í ljósi þessa ekki bundna af áskorun SÍS um að hækka gjaldskrár ekki umfram 3,5%, heldur raunar bundna af reglum.

Þá er lagt til að nýr líður bætist við gjaldskrá SORPU fyrir móttöku á textíl. SORPA tók í byrjun mánaðar við söfnun á textíl á grenndarstöðvum og hluta útflutnings, og mun á næstu mánuðum taka yfir alla móttöku og útflutning á textíl. Miðstöð útflutnings á textíl verður móttöku- og flokkunarstöð SORPU og er kostnaður við það áætlaður 30 krónur á kíló, auk virðisaukaskatts. Af því leiðir að lagt er til að gjald fyrir móttöku á textíl verði 30 krónur á kíló í móttöku og flokkunarstöð SORPU frá og með 5. júní.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson  
framkvæmdastjóri SORPU bs.



Hjálagt:

Bréf frá SÍS áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnar og SÍS  
Bréf SÍS vegna áskorunar til sveitarfélaga í tengslum við kjarasamninga



# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 8. mars 2024

2301032SA VRH

Málalykill: 16.10

## Efni: Áskorun til sveitarfélaga vegna yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga 2024

Í gær kl. 18:00 skrifaði, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, undir yfirlýsingu um stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga. Sú yfirlýsing var gerð til að greiða fyrir gerð langtímakjarasamninga á vinnumarkaði með það að markmiði að kveða niður vexti og verðbólgu.

Í þeirri yfirlýsingu, sem er hér meðfylgjandi, eru þó nokkur atriði sem snerta sveitarfélög. Óskum við eftir að yfirlýsingin í heild verði kynnt fyrir sveitarstjórn. Það helsta sem snýr að sveitarstjórnnum er að unnið verði að því á samningstímanum að því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Í því samhengi mun Sambandið fara með ríkinu í það að horfa heildstætt á umönnun og menntun barna frá 0-18 ára og m.a. skoðað hvort þörf sé á kerfisbreytingum til að ná settum markmiðum. Þessu tengt þá er í yfirlýsingunni kveðið á um að útfærð verði leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálssar frá og með ágúst 2024 til loka samningstímans. Áætluð bein kostnaðarþátttaka forráðamanna vegna skólamáltíða grunnskólabarna nemur í dag um fimm milljörðum króna á ári og mun ríkið greiða 75% þess kostnaðar eða allt að 4 milljarða króna. Ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga mun útfæra þetta og mun vinna við það fara af stað á næstu dögum og munum við veita nánari upplýsingar þegar nær dregur.

Þá er það ávarpað að sveitarfélögin muni í húsnæðisáætlunum sínum og skipulagi tryggja nægilegt framboð byggingarsvæða og lóða til skemmri og lengri tíma og hlutdeild í stofnkostnaði almennra íbúða. Sambandið mun einnig vinna að því að umgjörð um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga verði bætt.

Við beinum því til sveitarstjórna að endurskoða gjaldskrárhækkanir sem tóku gildi um síðustu áramót er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Miða skuli við að hækkun þessa árs verði ekki umfram 3,5 %. Þá verði gjaldskrárhækkunum stillt í hóf eins og nokkur kostur er á samningstímanum.

Við vekjum athygli á að Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki skuldbundið sveitarfélög til að taka þátt í að greiða fyrir langtímakjarasamningum enda hefur Sambandið ekki umboð til þess. Sambandið hefur samt ítrekað lýst því yfir, eins og mörg sveitarfélög, að mikilvægt sé að horfa til samstillts átaks til að kveða niður verðbólguna. Þar er yfirveguð og vönduð aðkoma hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga afar mikilvæg.


Þessi yfirlýsing er mikilvæg varða á þeirri leið að ná langtímasamningum við okkar viðsemjendur. Nú þegar er farin af stað vinna hjá samninganefnd okkar við að klára samninga við okkar viðsemjendur m.v. merki markaðarins sem nú er orðið skýrt.

Með þessu bréfi vil ég skora á sveitarstjórnir að taka þátt og sína samstillt átak til að liðka fyrir gerð langtíma kjarasamninga til að kveða niður vexti og verðbólgu.

Fylgiskjöl: Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga í mars 2024.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Arnar Þór Sævarsson  
sviðsstjóri þjónustusviðs

# Stuðningur ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga í mars 2024

Til að greiða fyrir langtímakjarasamningum á vinnumarkaði munu ríkisstjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga vinna að aðgerðum sem styðja við sameiginleg markmið stjórnvalda og samningsaðila um að leggja grundvöll að bættum lífskjörum og kaupmætti launafólks og stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta. Aðgerðirnar snúa að ýmsum efnahags- og kjaramálum sem styðja við lífskjör launafólks með sérstakri áherslu á húsnæðisuppbyggingu, húsnæðisstuðning og málefni barnafjölskyldna.

Stuðlað verður að auknu framboði íbúðarhúsnæðis og fjölgun hagkvæmra íbúða í almenna íbúðakerfinu, skilvirkari stjórnsýslu húsnæðis- og skipulagsmála og aukinni aðkomu lífeyrissjóðanna að fjárfestingu í húsnæði. Húsnæðisstuðningur verður aukinn með sérstökum vaxtastuðningi til þeirra sem skulda íbúðalán á þessu ári til að mæta auknum vaxtagjöldum heimilanna og hækku húsnæðisbóta til leigjenda. Þá verða gerðar breytingar á húsaleigulögum sem tryggja skýrari ramma og fyrirsjáanleika um ákvörðun og breytingar leigufjárhæðar.

Stuðningur við barnafjölskyldur verður stórefldur. Barnabætur hækka og dregið verður úr tekjuskerðingum þannig að mun fleiri foreldrar munu njóta stuðnings. Þá verður unnið að því í samstarfi ríkis og sveitarfélaga að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsar frá og með næsta hausti. Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækka í 900.000 krónur á mánuði í þremur áföngum á næstu tveimur árum og ríki, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins munu taka höndum saman og vinna með markvissum hætti að því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla á samningstímanum.

Í því miði að útrýma launamun sem skýrist af kynskiptum vinnumarkaði og kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum verður unnið að virðismatskerfi starfa sem áætlað er að liggi fyrir í árslok 2026. Að auki munu ríki og sveitarfélög beita sér fyrir ýmsum frekari aðgerðum og umbótum á samningstímanum til að treysta markmið samningsins um lífskjör og verðstöðugleika. Meðal þeirra eru aðhald í opinberum gjaldskrám, lækkun á kostnaði þeirra sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu fjarri heimabyggð, hækku hámarksábyrgðar úr Ábyrgðasjóði launa, aukin framlög í Vinnustaðanámssjóð til að efla vinnustaðanám og umbætur á Menntasjóði námsmanna.

Ríkisstjórnin mun leggja fyrir Alþingi eða aðilar beita sér að öðru leyti fyrir eftirfarandi aðgerðum:

## Húsnæðismál og húsnæðisstuðningur:

### *Öflug íbúðaupbygging*

- Haldið verður áfram markvissri uppbyggingu í almenna íbúðakerfinu með opinberum framboðsstuðningi gegnum stofnframlög og hlutdeildarlán til að treysta húsnæðisöryggi og tryggja viðráðanlegan húsnæðiskostnað tekjulægri heimila.
- Tryggð verða stofnframlög ríkisins til að auka framboð á hagkvæmum íbúðum í almenna íbúðakerfinu. Á samningstímanum styður ríkið við byggingu allt að 1.000



Íbúða á ári í formi stofnframlaga og hlutdeildarlána til að mæta fyrirsjáanlegri íbúðapörf ólíkra hópa samfélagsins.

- Sveitarfélögin munu í húsnæðisáætlunum sínum og skipulagi tryggja nægilegt framboð byggingarsvæða og lóða til skemmri og lengri tíma og hlutdeild í stofnkostnaði almennra íbúða.
- Til að koma til móts við þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð og eru undir tilteknum tekjumörkum verða tekjumörk hlutdeildarlána hækkuð um 8,2% þann 1. apríl 2024.

#### *Aukið framboð húsnæðis*

- Sveitarfélögin munu í skipulagi sínu tryggja byggingarhæfar lóðir til að mæta uppbyggingarpörf í samræmi við húsnæðisáætlanir sem endurskoðaðar eru árlega þannig að fyrir liggi áreiðanlegar upplýsingar á hverjum tíma um framboð nýrra íbúða og íbúðapörf.
- Stjórnsýsla húsnæðis- og skipulagsmála verður einfölduð og samræmd til að stuðla að hraðari uppbyggingu íbúða, svo sem með endurskoðun byggingar- og skipulagsreglugerðar og breytingu á lögum sem heimila sveitarfélögum að flýta uppbyggingu á þegar deiliskipulögðum lóðum. Horft verður til tillagna OECD frá 2020 um úrbætur á regluverki í byggingariðnaði, þ.m.t. til að auka sjálfbærni og stuðla að stafrænni þróun í mannvirkjagerð.
- Lífeyrissjóðum verður auðveldað að koma að uppbyggingu á íbúðarhúsnæði til útleigu með því að rýmka heimildir þeirra til fjárfestinga í leigufélögum.

#### *Sértækur vaxtastuðningur*

- Til að mæta auknum vaxtakostnaði heimilanna síðustu misseri verður á árinu 2024 greiddur út sérstakur vaxtastuðningur til heimila með íbúðalán. Áætlað umfang aðgerðarinnar er 5-7 milljarðar króna.
- Stuðningurinn kemur til viðbótar almennum vaxtabótum og tekur mið af vaxtagjöldum ársins 2023 að teknu tilliti til tekna, eigna og fjölskyldugerðar. Vaxtastuðningurinn mun einkum ná til heimila í lág- millitekjuhópum.
- Sérstakur vaxtastuðningur verði greiddur beint inn á höfuðstól láns nema lántakar óski þess sértaklega að nýta hann til lækkunar á afborgunum í tiltekinn tíma.

#### *Húsnæðislánakerfið og framtíðarfyrirkomulag á húsnæðisstuðningi við eigendur*

- Sett verði á fót nefnd með aðkomu stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins, lánastofnana, Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóðanna sem geri úttekt á húsnæðislánakerfinu hér á landi í samanburði við nágrannalöndin og leggi mat á kosti þess og galla. Þá skoði nefndin jafnframt fyrirkomulag húsnæðisstuðnings í þessum löndum og geri tillögu að framtíðarfyrirkomulagi. Nefndin verði skipuð eigi síðar en í maí 2024 og skili niðurstöðum sínum og tillögum fyrir árslok 2024.

#### *Aukinn stuðningur við leigjendur*

- Til að draga úr íþyngjandi húsnæðiskostnaði leigjenda verður húsnæðisbótakerfið styrkt og umgjörð um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaga bætt.



- Grunnfjárhæðir húsnæðisbóta og eignaskerðingamörk í húsnæðisbótakerfinu hækka 1. júní 2024 auk þess sem aukið tillit verður tekið til fjölskyldustærðar og munu framlög til húsnæðisbóta aukast um 2,5 milljarða króna á ársgrundvelli vegna þessa.
- Leitað verði áfram leiða til að auka samræmi og reglur um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélaganna og umsóknaferli og upplýsingagjöf einfaldað og samræmt.
- Réttarbætur verða tryggðar fyrir leigjendur með breytingum á húsaleigulögum sem stuðli að auknu húsnæðisöryggi með skýrari ramma um ákvörðun leigufjárhæðar og fyrrsjáanleika um breytingar á leigufjárhæð.
- Ráðist verður í kynningarátak um réttindi og skyldur á leigumarkaði í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og ráðgjöf og upplýsingargjöf til leigjenda aukin í samstarfi við Leigjendaaðstoðina.

## Barnafjölskyldur

### *Barnabætur*

- Stuðningur við barnafjölskyldur í gegnum barnabótakerfið verður aukinn um 3 milljarða króna á árinu 2024, til viðbótar við fyrri áform, og um 2 milljarða til viðbótar á árinu 2025 og mun þá nema um 21 ma.kr.
- Grunnfjárhæðir barnabóta munu hækka og dregið verður úr skerðingum enn frekar til að auka stuðning og fjölga þeim fjölskyldum sem fá barnabætur.

### *Gjaldfrjálsar skólamáltíðir*

- Útfærð verður leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsar frá og með ágúst 2024 til loka samningstímans.
- Áætluð bein kostnaðarþátttaka forráðamanna vegna skólamáltíða grunnskólabarna nemur um fimm milljörðum króna á ári og mun ríkið greiða 75% þess kostnaðar eða allt að 4 milljarða króna.
- Ríki og sveitarfélög munu útfæra þetta í sameiningu fyrir lok maí 2024. Til að meta árangur tilraunaverkefnisins verður óháðum aðila falið að leggja mat á framgang þess vorið 2026.

### *Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækka*

- Hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækka frá og með 1. apríl 2024 úr 600.000 þúsund krónum á mánuði í 700.000 kr., frá og með 1. janúar 2025 í 800.000 kr. og frá og með 1. janúar 2026 í 900.000 kr.

### *Bilið brúað milli fæðingarorlofs og leikskóla*

- Á samningstímanum er stefnt að því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.
- Aðgerðarhópur ríkis, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins undir forystu forsætisráðuneytisins vinni tímasetta áætlun um aðgerðir til að loka umönnunarbílinu. Horft verði heildstætt á umönnun og menntun barna frá 0-18 ára og m.a. skoðað hvort þörf sé á kerfisbreytingum til að ná settum markmiðum.



## Annað:

### *Gjaldskrárhækkanir ríkisins og sveitarfélaga*

- Til að stuðla að verðstöðugleika munu gjaldskrár ríkis almennt ekki hækka umfram 2,5% á árinu 2025.
- Sveitarfélögin lýsa yfir vilja til að hækka ekki gjaldskrár fyrir árið 2024 umfram 3,5% og endurskoða gjaldskrár ársins hafi þær hækkað meira. Sérstaklega verði horft til gjaldskráa er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Þá verði gjaldskrárhækkunum stillt í hóf eins og nokkur kostur er á samningstímanum.

### *Framleiðni ráð*

- Komið verður á fót sérfræðingaráði um framleiðni sem verði stjórnvöldum til ráðgjafar um hvernig stuðla megi að aukinni framleiðni sem er undirstaða kaupmáttar og bættra lífskjara. Ráðið mun kortleggja þróun framleiðni og tilheyrandi tölfræði síðustu ár og eiga reglulegt samráð við aðila vinnumarkaðsins.

### *Dregið úr kostnaði við að sækja heilbrigðisþjónustu fjarri heimabyggð*

- Dregið verður frekar úr kostnaði þeirra sem þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu fjarri heimabyggð með fjölgun niðurgreiddra ferða sjúkratrygginga í fjórar á ári.

### *Hámarksábyrgð úr Ábyrgðasjóði launa hækkar*

- Hámarksábyrgð launa úr Ábyrgðasjóði launa hækkar úr 633.000 kr. í 850.000 kr. þann 1. apríl 2024 og 970.000 1. janúar 2025.

### *Aukin framlög til Vinnustaðanámssjóðs*

- Framlög til Vinnustaðanámssjóðs verða aukin um 150 m.kr á ári til að efla vinnustaðanám og fjölga tækifærum nema til starfsþjálfunar.

### *Virðismat starfa*

- Innleitt verði í áföngum virðismatskerfi sem byggi á tillögum aðgerðahóps um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir að innleiðing taki allt að þrjú ár og nýtt kerfi liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2026.

### *Menntasjóður námsmanna*

- Í kjölfar skýrslu um Menntasjóð námsmanna verða gerða breytingar á lögum til að létta vaxtabyrði og draga úr ófyrirséðum hækkunum vegna verðbólgu á afborganir lána. Skilyrði fyrir námsstyrkjum verða rýmkuð þar sem tekið er tillit til þverfaglegs náms. Auk þess er stefnt að afnámi ábyrgðarmannakerfis námslána. Haldin verður vinnustofa með hagaðilum um umbætur á kerfinu, m.a. verður horft til hugmynda BHM og KÍ.







# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

Reykjavík 13. mars 2024

2301032SA VRH

Málalykill: 16.10

## Efni: Vegna áskorunar til sveitarfélaga í tengslum við kjarasamninga

Eins og ykkur er kunnugt um þá skrifaði, formaður Samband íslenskra sveitarfélaga, undir yfirlýsingu um stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga þann 8. mars sl. Í kjölfarið sendi Sambandið út erindi til allra sveitarfélaga þar sem skorað var á sveitarstjórnir að taka þátt og sína samstillt átak til að liðka fyrir gerð langtímakjarasamninga til að kveða niður vexti og verðbólgu. Viljum við árétta að samningsumboð sambandsins nær ekki yfir yfirlýsingu sem þessa og því getur sambandið einungis skorað á sveitarfélög að taka þátt.


Seinustu daga höfum við fengið nokkrar fyrirspurnir frá sveitarfélögum þar sem spurt er út í nákvæma útfærslu á ýmsum liðum, sérstaklega hvað varðar gjaldskrárlækkunar. Í samkomulaginu er talað um endurskoðun gjaldskrárhækkana sem tóku gildi um síðustu áramót er varða barnafjölskyldur og fólk í viðkvæmri stöðu. Miða skal við að hækkun þessa árs verði ekki umfram 3,5%. Ekki er gert ráð fyrir að gjaldskrárlækkunar séu afturvirkar.

Mikilvægt er að hvert og eitt sveitarfélag skoði sínar gjaldskrár, meti hvort að þær hafa áhrif á barnafjölskyldur eða viðkvæma hópa og þá hvort tilefni er til að taka ákvörðun um lækkun. Í einhverjum tilvikum er eflaust ástæða til að lækka ekki en mikilvægt er að sveitarfélögin taki umræðu um slíkt.

Vert er að taka fram að ekki er átt við þær gjaldskrár sveitarfélaga sem lögum samkvæmt eiga að standa undir kostnaði við viðkomandi þjónustu eins og t.d. gjaldskrár um fráveitu, vatnsveitu og meðhöndlun úrgangs. Þá er ekki átt við endurskoðun á álagningu skatta þ.e. fasteignaskatts og útsvars.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Arnar Þór Sævarsson  
sviðsstjóri þjónustusviðs